

**1997 nr. 81 26. maí****Lög um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða**

Tóku gildi 6. júní 1997. Breytt með l. 102/2004 (tóku gildi 2. júlí 2004) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnaði sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við umhverfis- og auðlindaráðherra eða umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórni [ráðherra].<sup>1)</sup>
- Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna mál-efnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfis-rannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla páttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.
- Stofnunin hefur aðsetur á Akureyri.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 248. gr.

**■ 2. gr.**

- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal leitast við að ná markmiðum sínum með því að:
  - a. safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,
  - b. stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdir og gera tillögur um forgangsröð þeirra,
  - c. miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,
  - d. vera stjórvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,
  - e. annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölbjóðlegra verkefna,
  - f. skapa aðstöðu fyrir frædimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og

g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

**■ 3. gr. ...<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 102/2004, 1. gr.

**■ 4. gr.**

- [[Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og hafa stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 248. gr. <sup>2)</sup> L. 102/2004, 2. gr.

**■ 5. gr.**

- [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu fer samkvæmt reglugerð<sup>2)</sup> sem ráðherra setur. [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 248. gr. <sup>2)</sup> Rg. 554/2005.

**■ 6. gr.**

- [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur, að fengnum tillögum samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 248. gr.

**■ 7. gr.**

- Lög þessi öðlast þegar gildi.